

um, að tildæmdar fjárhæðir njóti sjóveðréttar í Sölva Bjarnasyni BA-65.

Stefndi krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara krefst hann þess að honum verði aðeins dæmt að greiða stefnanda kr. 43.136,00. Þá krefst stefndi að sér verði dæmdur málskostnaður í báðum tilvikum.

— — —

Dóm þennan kvað upp fulltrúi sýslumanns, Tryggvi Bjarnason, en dómsuppkvaðning hefur dregist sökum anna við önnur embættisverk.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Tálkni hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Guðmundar Árnasonar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 15. janúar 1987.

Nr. 37/1986. **Ágúst Ágústsson**
Sigtryggur Þrastarson
og Þorbjörn Datzko
 (Jón G. Briem hdl.)
 gegn

Ásgeiri B. Ólafssyni
Grétari Haraldssyni
Jóni Kr. Jónssyni
og Óíafi B. Ólafssyni
 (Grétar Haraldsson hrl.)

Björgunarlaun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. febrúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 17. janúar s.á., samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Dómkröfur áfrýjenda eru þær að stefndu verði dæmdir in solidum persónulega og vegna Sandness s/f til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.875.000,00 auk 19% ársvaxta frá 5. janúar 1984 til 28. nóvember 1984 en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist að í dómi verði ákveðið að vexti megi leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 18. janúar 1986, og reikna síðan vexti á þannig upphækkaðan höfuðstól. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Þess er krafist að málskostnaður beri hæstu lögleyfðu dráttarvexti frá dómsuppsögu til greiðsludags. Þá er þess krafist að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Reyni GK 177 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum gert að greiða stefndu málskostnað. Til vara er þess krafist að kröfur áfrýjenda verði lækkaðar verulega og í því tilfelli er því sérstaklega mótmælt að vextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Kröfu um vexti á málskostnað er sérstaklega mótmælt.

Eigi verður talið, að áfrýjendur hafi í björgunaraðgerðum sínum í umrætt sinn gengið lengra heldur en starfskylda þeirra sem skipverja á m/b Reyni GK 177 bauð þeim.

Með þessari athugasemd, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að rétt þykir að málskostnaður í héraði falli niður.

Hver málsaðili á að bera sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því að málskostnaður í héraði á að falla niður.

Hver aðili á að bera sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Þótt ráðningu áfrýjenda til starfa á m/b Reyni hafi ekki verið slitið er umræddur atburður gerðist þá höfðu þeir verið afskráðir

og gengu ekki til ákveðinna starfa við skipið. Þeir tóku ekki föst laun en fengu greidd laun fyrir störf sín í þágu útgerðarinnar sem tímavinnu. Fram er komið að vél skipsins var ekki í gangi er þetta gerðist.

Ég tel aðgerðir áfrýjenda til að koma m/b Reyni úr neyð þeirri, sem skipið var statt í, björgun í skilningi 199. gr. siglingalaga nr. 66/1963 er í gildi voru á þessum tíma. Ég tel stöðu áfrýjenda gagnvart skipinu og útgerð þess ekki hafa verið slíka að þeir séu útilokaðir frá að krefjast björgunarlauna. Er því ekki ótvírætt haldið fram að áfrýjendur hafi firrt sig rétti til björgunarlauna samkvæmt 2. mgr. 200. gr. greindra laga. Ég tel því að taka beri kröfu þeirra um greiðslu björgunarlauna til greina.

Björgunin tókst fullkomlega en skemmdir urðu á skipinu og nam viðgerðarkostnaður 1.430.765,57 krónum.

Þeir sem að björguninni unnu um borð í skipinu sýndu verklagni og atorku og lögðu sig í hættu. Auk áfrýjenda vann skipstjóri skipsins að björguninni um borð í því. Þeir notuðu vindu skipsins er vél þess hafði verið ræst. Einnig nutu þeir aðstoðar úr landi. Skipið, sem rekið hafði að stórgrýttum sjóvarnargarði, var í yfirvofandi hættu. Björgunarstarfið mun hafa staðið frá því kl. 6 um morguninn og fram undir hádegi. Fram er komið að váttryggingarverðmæti skipsins nam 10.000.000,00 króna.

Ég tel björgunarlaun, sem áfrýjendum ber fyrir björgunarstarf sitt, hæfilega ákveðin 120.000,00 krónur samtals sem stefndu ættu að greiða in solidum. Þar sem meirihluti dómara hefir komist að þeirri niðurstöðu að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm og sýkna stefndu af kröfum áfrýjenda tel ég ekki þörf á að taka afstöðu til annarra þátta kröfugerðar þeirra.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 18. apríl 1985.

I.

Aðilar og kröfur þeirra.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 21. mars sl., er höfðað með stefnu birtri 28. nóvember, 5. desember og 14. desember 1984 og 5. janúar 1985.

Stefnendur eru Ágúst Ágústsson, nnr. 0126-0674, Faxtabraut 25E Keflavík, Jón Bjarnar Sigvaldason, nnr. 5185-9065, nú til heimilis Faxabraut 27, Keflavík, Sigtryggur Hjalti Prastarson, nnr. 7750-5016, nú til heimilis Brekastíg 4, Vestmannaeyjum og Þorbjörn Datzko, nnr. 9466-2478, Hátúni

12, Keflavík. Stefnendur eru í stefnu allir sagðir vera sjómenn, en starfsheiti Ágúst er nú vélstjóri, starfsheiti Jóns Bjarnars skipstjóri, Sigtryggs Hjalta verslunarmaður og Þorbjörns matsveinn.

Stefndu eru Ásgeir B. Ólafsson, nnr. 0674-4907, framkvæmdastjóri, Hjarðarhaga 48, Reykjavík, Grétar Haraldsson, nnr. 2741-3978, lögmaður, Hegranesi 34, Garðabæ, Jón Kr. Jónsson, nnr. 5155-4965, verkstjóri, Tjarnargötu 9, Sandgerði og Ólafur B. Ólafsson, nnr. 6779-3919, framkvæmdastjóri, Heiðarbrún 13, Keflavík, persónulega og vegna Sandness sf., nnr. 7479-4602, Sandgerði.

Dómkröfur stefnenda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 2.500.000 auk 19% ársvaxta frá 5. janúar 1984 til fyrsta birtingardags stefnu en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags og verði í dómnum ákveðið, að vexti megi leggja við höfuðstólinn á 12 mánaða fresti, fyrst 5. janúar 1985, og vextir síðan reiknaðir á þannig upphækkaðan höfuðstól. Málskostnaður er krafist að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og beri dæmdur málskostnaður hæstu lögleyfðu dráttarvexti frá uppsögu dóms til greiðsludags, nú 19% ársvexti. Þá er þess krafist að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Reyni GK-177 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda og að þeim verði gert að greiða stefndu málskostnað að mati réttarins með hliðsjón af gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

II.

Málavextir.

Aðfaranótt 5. janúar 1984 gekk mikið veður yfir suðvesturhorn landsins. Vindátt var suðvestlæg og stórsjór. Veðurhæð samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands 7-9 vindstig á athugunartímum, kl. 03-12, og mest veðurhæð milli athugana 8-11 vindstig. Í Sandgerðishöfn voru meðal margra annarra skipa m/b Sjávarborg GK-60, 452 rúmlestir, m/b Víðir II GK-275, 125 rúmlestir, og m/b Reynir GK-177, 104 rúmlestir. Skipin voru bundin við bryggju sem gengur fram úr hafnargarði sem liggur sem næst í vestur í miðri höfninni. Sjávarborg GK var fremst við bryggjuna en Víðir II GK með Reyni GK utan á innar við hana, þ.e. nær landi, og sneru skipin stefni að landi. Í óveðrinu slitnuðu Víðir II GK og Reynir GK frá bryggjunni og rak þá samanbundna að stórgrýttum varnargarði. Lenti Reynir GK í grjótinu, en Víðir II GK varð utar. Síðan losnaði Sjávarborg GK einnig og rak að hinum skipunum. Víðir II GK var vélarvana vegna breytinga og viðgerða og aðalvél Sjávarborgar GK var óvirk vegna bilunar. Í sjóferðabók m/b Reynis GK-177 skráði skipstjórinn, Jón Bjarnar Sigvaldason, eftirfarandi um atvik máls þessa: „Hringt var heim kl. 06:00 og sagt að

báturinn (sic) væri að reka upp í fjöru ásamt Víði II, sem Reynir var bundinn utan á. Fór ég strax ásamt 2. vélstjóra, stýrimanni og kokki á staðinn og vorum við þá reknir upp í garðinn sunnan við syðri bryggjuna og Víðir II utan á okkur. Komumst við um borð og var vél gangsett og reynt að ná bátunum frá grjótgarðinum. Það reyndist ekki unnt, en hægt var að keyra bátinn upp í vikið við veginn út á bryggjuna. Skömmu síðar rak Sjávarborgina utan á bátana en síðan upp í garðinn fyrir aftan þá. Hægt var að koma togvírurum upp á polla á bryggjunni og auðnaðist okkur að komast að bryggjunni með Víði II í togi. Báturinn barðist mjög við grjótið og garðinn. Skemmdir eru ókannaðar enn kl. 11:00. Víðir II var mannlaus og vélarvana.“

Stefnendur áttu allir heimili eða dvalarstað í Keflavík, þegar umstefnt atvik varð, og fóru allir saman á vettvang.

Sjóferðapróf var haldið 11. janúar 1984.

Í sjóferðabók er skráð við 20. des. 1983: „Þorskveiðibann. Jólafri.“ Við 27. des.: „Kallaðir suður í Sandgerði vegna enda. Ekkert var að hjá okkur, en endar Víðis II þar sem við lágum utan á lagfærðir og settur þá upp endi T.S.G. 4t.“ Við 28. des.: „Vinna v. troll T+S 10t.“ Við 29. des.: „Do og lagaðir endar.“ Við 3. janúar 1984: „Mætt til skips, lagaðir endar og vinna á netaverkstæði J+S 10 t.“ Við 4. janúar: „Vinna á netaverkstæði J+S 10t.“

Í málinu hefur verið lagt fram svohljóðandi vottorð lögskráningarstjórans í Miðneshreppi um skráningartímabil stefnenda á m/b Reyni GK-177 árin 1983 og 1984:

„Jón Sigvaldason, skipstjóri. 1983: 3/1 - 20/5, 14/6 - 28/7 og 23/8 - 20/12. 1984: 16/1 - 31/5 og 14/7 - 10/10.

Ágúst Ágústsson, vélstjóri. 1983: 3/1 - 23/6, 4/7 - 28/7 og 23/8 - 20/12. 1984: 16/1 - 31/5 og 27/7 - 3/9.

Sigtryggur Þrastarson, stýrimaður. 1983: 3/1- 2/7 og 3/9 - 20/12. 1984: 16/1 - 28/3.

Þorbjörn Datzko, matsveinn. 1983: 25/5 - 28/7 og 23/8 - 20/12. 1984: 16/1 - 22/6 og 8/8 - 10/10.“

Þá hefur verið lagt fram vottorð Veðurstofu Íslands um veðurlýsingu og veðurspá sem lesin var í útvarp 4. janúar 1984 kl. 11:15 og aðfaranótt 5. janúar kl. 1:00. Þar er greint frá 940 mb. lægð, sem nálgist landið úr vestri, og varað við stormi m.a. á suðvesturmiðum og Faxaflóamiðum. Spáð var

allhvassri suðvestanátt með storméljum um vestanvert landið þá um nóttina.

Við aðalflutning máls þessa gáfu skýrslur stefnendur og stefndi Ólafur B. Ólafsson. Vætti báru Ásmundur Björnsson, bifreiðarstjóri hjá Miðnesi hf., Vallargötu 7, Sandgerði og Þórhallur Gíslason, hafnarvörður í Sandgerði, Vallargötu 24, Sandgerði.

Stefnendur báru að ráðningu þeirra hefði ekki verið slitið fyrir uppsögn af þeirra hálfu eða útgerðar Reynis GK á þeim tíma sem hér um ræðir. Allir nema Sigtryggur Þrastarson eru enn í skipshöfn Reynis GK og gegna sömu störfum sem fyrr að því undanskildu að Ágúst Ágústsson er nú 1. vélstjóri. Þeir lýstu þeirri skoðun að án atbeina þeirra hefði Reynir GK skemmst mjög mikið eða eyðilagst alveg.

Stefnandinn Jón Bjarnar Sigvaldason kvað það hafa orðið til bjargar að unnt var að sigla Reyni GK upp í vikið (við veginn út á bryggjuna) þar sem Sjávarborg GK hefði rekið að Víði II GK og Reyni GK rétt á eftir og upp í garðinn fyrir aftan skipin. Hann kvað ekki mundu hafa tekist að koma skipunum að bryggju án þess að nota til þess togvír og spil Reynis GK, samverkandi með vélarafli skipsins. Hann kvað Reyni GK hafa skemmst lítið. Hann kvaðst hafa verið skipstjóri á Reyni GK, þegar umrætt atvik varð, og aðrir stefnendur hefðu verið ráðnir af sér til áframhaldandi veru á vertíð sem óvíst var hvenær hæfist. Hann kvaðst hafa lagt skipinu, þaðan sem það slitnaði í umrætt sinn, samkvæmt ákvörðun hafnarvarðar og taldi það hafa legið forsvaranlega og verið vel bundið. Á tímabilinu frá því afskráð var af skipinu, 20. desember 1984, þar til lögskráð var á það að nýju, 16. janúar 1985, kvaðst hann hafa lítið eftir skipinu svo sem hann hefði talið sér skylt og að auki hafi verið unnið við veiðarfæri skipsins og hefði hann fengið fyrir það greitt sem svarar tryggingarkaupi. Vélstjóra kvað hann hafa farið daglega um borð til að fylgjast með vél og miðstöð. Vegna veðurútlits kvaðst hann hafa gert ráðstafanir til að verða vakinn kl. 7 að morgni umrædds dags.

Stefnandinn Sigtryggur Þrastarson kvaðst á tímabilinu 20. desember - 16. janúar hafa af og til unnið á tímakaupi á netaverkstæði við að búa til veiðarfæri fyrir Reyni GK. Einnig hefði hann fylgst með festingum skipsins og m.a. verið kvaddur af skipstjóra þeirra erinda á 3. jóladag. Kvaðst hann hafa fengið um kr. 14.000 greiddar fyrir tímabilið.

Stefnandinn Þorbjörn Datzko skýrði svo frá, að á tímabilinu 20. desember - 16. janúar hefði hann unnið í tímavinnu á netaverkstæði á vegum stefndu. Hann taldi að sér hefði ekki verið skylt að fara Reyni GK til bjargar, en er hann hefði verið til þess kvaddur hefði hann reynt að ná saman mönnunum sem höfðu verið á skipinu, og saman hefði þeim tekist að bjarga skipinu.

Stefnandinn Ágúst Ágústsson kvaðst hafa verið ráðinn (2. vélstjóri) á m/b Reyni GK á umræddu tímabili, 20. desember 1983 - 16. janúar 1984. Hann hafi unnið eins mikið og hann vildi sjálfur við vélbúnað og fengið greitt fyrir tímavinnu samkvæmt tímaskýrslu, sem hann skilaði sjálfur. Einnig hafi hann fylgst með festingum skipsins og taldi þær hafa verið góðar, enda togarafestingar. Hann kvað hafa gengið ágætlega að komast um borð í Reyni GK við grjótgardinn; stefnendur hafi aðeins þurft að sæta lagi.

Stefndi Ólafur B. Ólafsson, framkvæmdastjóri Sandness sf., kvaðst hafa komið á vettvang kl. um 9:00 umræddan dag, og hefðu björgunarsveitarmenn og starfsmenn Miðness hf. þá unnið að því að koma vír frá Reyni GK fram gardinn, upp bryggjuna. Aðkoman hafi verið ljót. Sjávarborg GK hafi rekið upp að sunnanverðu en hinum megin við Reyni GK og Víði II GK verið bátar sem rekið hafði upp í fjöru og vörubifreið sem holskefla hafði hrifið með sér af hafnargarðinum. Hann greindi frá því að skipstjóri réði yfirleitt skipshöfn án þess að gerður væri skriflegur ráðningarsamningur. Lögskráð væri á úthöld en afskráð að þeim loknum, enda væri siglingatími staðfestur með lögskráningu og áhöfn væri tryggð vegna siglingar meðan skráning væri í gildi. Meðan ekki kæmi til uppsagnar væru sjómenn á samningi við útgerð og ráðnir á viðkomandi skip og lögskráðir að nýju þegar aftur væri haldið til veiða. Mennirnir fengju fulla kauptryggingu ef útgerðin byði þeim ekki vinnu í veiðihléunum. Að öðrum kosti fengju þeir tímakaup fyrir þá vinnu sem þeir inntu af hendi, og þannig hafi verið háttað um stefnendur máls þessa í umræddu hléi, frá 20. desember 1983 til 16. janúar 1984.

Ásmundur Björnsson skýrði svo frá, að hann hefði, aðfaranótt 5. janúar 1984, hringt að beiðni skipstjóra eins þeirra skipa, sem voru í Sandgerðishöfn, til stefnandans Þorbjörns og beðið hann að hringja til skipstjóra og vélstjóra Reynis GK. Hann kvaðst hafa farið á suðurgarðinn og Víðir II GK og Reynir GK hafi þá verið að slitna frá. Þegar stefnendur hafi komið, eftir ½ - 1 klst., hafi skipin verið komin upp í grjótgardinn.

Þórhallur Gíslason kvað sjógang hafa í umrætt sinn verið „æðislegan“ og foráttubrim, þótt veðurhæð væri ekki tiltakanleg, og ófært um suðurbryggjuna í 2 klukkustundir um flóðið (kl. 6:30). Hann kvað sprengjugrjóti vera hlaðið utan á gardinn, sem skipin rak á og liggur þvert á bryggjuna, og Reynir GK hafi verið í slíkri hættu þar, að stefnendur hafi verið á síðustu stundu að ná honum. Hann sagði að þennan morgun hefði mátt búast við öllu illu þar sem stórstraumur var og djúp lægð mjög nærri landinu, en Reynir GK og Víðir GK hefðu örugglega bjargast hefðu menn verið þar um borð. Þegar á daginn leið hafi veður batnað verulega.

A. Málsástæður stefnenda og lagarök.

Stefnendur reisa kröfur sínar á því að þeir hafi bjargað m/b Reyni GK-177 í skilningi siglingalaga nr. 66, 1963. Skipið hafi verið í bráðri hættu þar sem það barðist mannlaust utan í grjótgarðinum. Veðurhæð var mjög mikil og hásjávað. Þar við bættist að m/b Víðir II GK-275 lá utan á skipinu og Sjávarborg GK lagðist svo utan á Víði II GK. Stefnendur telja fullvíst að skipið hefði laskast mjög mikið og reyndar örugglega sokkið við grjótgarðinn ef þeim hefði ekki tekist að sigla því í var og síðan að bryggju.

Stefnendur hafi áður verið starfsmenn hins stefnda útgerðarfélags á m/b Reyni GK-177. Þeir hafi hins vegar verið afskráðir af skipinu 20. desember 1983 og skráðir á það aftur 16. janúar 1984. Á þessum tíma hafi þeir verið kauplausir nema ef vera kynni einhver tímavinna sem greitt hafi verið sérstaklega fyrir. Stefnendur reisa því kröfur sínar á því að afstaða þeirra gagnvart hinni stefndu útgerð og hinu bjargaða skipi hafi verið hin sama og gagnvart óviðkomandi aðila.

Stefnendur telja að við ákvörðun björgunarlauna beri m.a. að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- a) Björgunin tókst mjög vel.
- b) Stefnendur þurftu að beita mikilli verklagni og fyrirhöfn við björgunina.
- c) M/b Reynir GK-177 var í yfirvofandi bráðri hættu, er stefnendur hófu björgunaraðgerðir.
- d) Stefnendur lögðu sig í verulega hættu við björgunina.
- e) Vátryggingarverð hins bjargaða skips 5. janúar 1984 var kr. 10.000.000.

Stefnendur vísa til 199. gr. og 200. gr. siglingalaga um björgunina og 3. tl. 216. gr. sömu laga um sjóveðrétt.

B. Málsástæður stefndu og lagarök.

Sýknukrafa stefndu byggist á því að stefnendur hafi allir verið ráðnir skipverjar á m/b Reyni GK-177 þegar atburður sá varð sem þeir krefjast björgunarlauna fyrir. Telja stefndu að ekki komi til greina að skipverjar geti krafist björgunarlauna fyrir að sinna vinnuskyldum sínum. Frekar megi álasa áhöfninni og einkum skipstjóranum fyrir að hafa ekki verið búin að koma skipinu í öruggt lægi þegar atburðurinn varð og þannig hefði hún getað komið í veg fyrir allt tjón á skipinu. Einnig verði að teljast vafasamt að Reynir GK hafi verið bundinn á öruggan og tryggan hátt, en það hafi skipstjórinn átt að sjá um. Um sýknukröfuna er vísað til skyldu skipstjóra

samkvæmt siglingalögum nr. 66, 1963, einkum 42. gr., svo og skyldur allra áhafnarmedlima samkvæmt sjómannalögum nr. 67, 1963.

Stefndu vísa til þeirrar venju að skipverjar á skipum slíkum sem Reyni GK séu skráðir þegar skip er á veiðum en afskráðir milli úthalda og fái þá greitt kaup samkvæmt eigin tímaskýrslum. Engum stefnenda hafi verið sagt upp, enda hafi þeir allir hafið róðra og verið skráðir á skipið, þegar það hóf veiðar 16. janúar 1984.

Stefndu krefjast þess, fari svo að björgunarlaun verði dæmd, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð og tillit til þess tekið, að skipið hafi skemmst mikið í umrætt sinn þannig að verðmæti þess eftir björgun hafi ekki numið tryggingarfjárhæðinni, enda viðgerðarkostnaður um kr. 1.000.000.

IV.

Niðurstöður.

Dómurinn lítur svo á að aðgerðir þær, sem nauðsynlegar voru til að koma m/b Reyni úr neyð þeirri er skipið var statt í í umrætt sinn, teljist björgun í skilningi 199. gr. siglingalaga nr. 66, 1963.

Samkvæmt framburðum stefnenda og stefnda, Ólafs B. Ólafssonar, hafði ráðningu stefnenda sem skipverja á m/b Reyni GK-177 ekki verið slitið með uppsögn og afskráning þeirra hinn 20. desember 1983 leiddi ekki til þess að ráðningu lyki, sbr. 2. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67, 1963, sbr. 1. gr. laga nr. 49, 1980. Sú málsástæða stefnenda að afstaða þeirra gagnvart stefndu og skipi þeirra hafi verið hin sama og gagnvart óviðkomandi aðila styðst því ekki við staðreyndir málsins eða lög.

Þrátt fyrir orðalag 199. gr. siglingalaga þykja stefnendur ekki eiga rétt til björgunarlauna, sbr. 41. gr. sjómannalaga svo og 51. gr. sömu laga og 42. gr. siglingalaga, en óumdeilt er að þeir hafi fengið greitt fyrir störf í þágu útgerðar m/b Reynis GK-177 umrætt tímabil, er þeir voru ekki lögskráðir.

Samkvæmt framangreindu verður niðurstaða máls þessa sú að sýkna ber stefndu af öllum kröfum stefnenda í máli þessu. Dæma ber stefnendur til að greiða stefndum óskipt málskostnað, kr. 40.000.

Dóm þennan kvað upp Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari, ásamt meðdómendunum Ingólfi Falssyni, fyrrum skipstjóra, og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni lögfræðingi.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ásgeir B. Ólafsson, Grétar Haraldsson, Jón Kr. Jónsson og Ólafur B. Ólafsson, persónulega og vegna Sandness sf., eru sýknað-

ir af öllum kröfum stefnenda, Ágústs Ágústssonar, Jóns Bjarnars Sigvaldasonar, Sigtryggs Þrastarsonar og Þorbjarnar Datzko.

Stefnendur greiði óskipt stefndum málskostnað kr. 40.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. janúar 1987.

Nr. 186/1986. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Júliusi Petersen Guðjónssyni

(Sveinn Snorrason hrl.)

Sýknað af ákæru fyrir brot gegn 16. gr. áfengisлага. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari skaut héraðsdómi til Hæstaréttar til sakfellingar samkvæmt ákæru með áfrýjunarstefnu 6. maí 1986.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Júliusar Petersen Guðjónssonar, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.